

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Haraldi Benediktssyni um tekjur ríkisins af eldsneyti og bifreiðum.

1. *Hvernig hafa þróast skatttekjur ríkisins af innflutningi og sölu eldsneytis á bifreiðar, þ.e. bensíni og dísil, undanfarin fjögur ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Í töflu 1 má sjá tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum á jarðefnaeldsneyti vegna bifreiða í milljónum króna og á verðlagi hvers árs.

Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs af bifreiðaeldsneyti.

Millj. kr.	2015	2016	2017	2018
Vörugjöld af bensíni	11.862	12.193	12.700	12.214
Oliugjald	8.313	9.226	11.433	11.787
Kolefnisgjald á bensín	946	931	988	1.279
Kolefnisgjald á dísilolíu bifreiða*	855	1.001	1.178	1.891
Samtals	21.976	23.351	26.299	27.027

Heimild: Ríkisreikningur.

*Hlutdeild bifreiða í kolefnisgjaldi á dísilolíu er áætluð.

2. *Hvað gera áætlanir ríkisins ráð fyrir að tekjur ríkisins verði miklar af bensíni og dísil næstu fjögur ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Í töflu 2 má sjá áætlun um tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum á jarðefnaeldsneyti vegna bifreiða í milljónum króna og á verðlagi hvers árs. Áætlun fyrir árin 2019 og 2020 er frá því í október sl. og tekur mið af nýjustu upplýsingum um innheimtu umræddra skatta. Áætlun fyrir árin 2021 og 2022 er frá því í maí sl. og því byggð á eldri forsendum. Áætlanirnar verða endurskoðaðar í vor fyrir framlagningu á fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025.

Tafla 2. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af bifreiðaeldsneyti.

Millj. kr.	2019	2020	2021	2022
Vörugjöld af bensíni	12.000	11.800	-	-
Oliugjald	12.200	12.400	-	-
Kolefnisgjald á bensín	1.410	1.510	-	-
Kolefnisgjald á dísilolíu bifreiða*	2.040	2.200	-	-
Samtals	27.650	27.910	29.060	29.470

Heimild: Fjáráukalög 2019, fjárlög 2020 og fjármálaáætlun 2020–2024.

*Hlutdeild bifreiða í kolefnisgjaldi á dísilolíu er áætluð.

3. Hverjar voru undanfarin fjögur ár skatttekjur ríkisins af bifreiðum sem knúnar eru með öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti? Hversu margar eru þær bifreiðar og hvert er hlutfall þeirra af heildarbílaflota landsins? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Bifreiðar í bílaflota landsins sem knúnar eru með öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti eru vetnis-, rafmagns-, tengiltvinn-, metan- og metanólbifreiðar. Ríkissjóður fær skatttekjur af bifreiða- og úrvinnslugjaldi og í sumum tilvikum af vörugjaldi ökutækja vegna umræddra bifreiða en bæði bifreiðagjald og vörugjald taka mið af skráðri koltvísýringslosun bifreiða. Ríkissjóður hefur hins vegar engar tekjur af orkunotkun slíkra bifreiða. Í töflu 3 má sjá tekjurnar í milljónum króna og á verðlagi hvers árs.

Tafla 3. Tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi, bifreiðagjaldi og úrvinnslugjaldi vegna bifreiða sem ganga fyrir öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti.

Millj. kr.	2015	2016	2017	2018
Vörugjald af ökutækjum*	1	0	2	0
Bifreiðagjald	14	24	46	89
Úrvinnslugjald	1	2	3	5
Samtals	16	26	51	94

Heimild: Ríkisskattstjóri og tollstjóri.

*Hér er miðað við vörugjald sem greitt er af bifreiðum sem ganga fyrir metani.

Í töflu 4 má sjá fjölda umræddra bifreiða eftir orkugjöfum og samanlögð hlutdeild þeirra í bílaflota landsins.

Tafla 4. Fjöldi bifreiða sem knúnar eru með öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti og hlutdeild þeirra í bílaflota landsins.

Orkugjafi	2015	2016	2017	2018
Vetni	1	1	1	16
Rafmagn	773	1.173	2.055	2.898
Rafmagn og bensín/dísil*	227	1.007	3.188	6.051
Metan	271	320	349	355
Metan og bensín/dísill	711	1.053	1.357	1.496
Metanól og bensín	0	1	1	1
Samtals	1.983	3.555	6.951	10.817
Hlutfall af bílaflota	0,7%	1,2%	2,2%	3,3%

Heimild: Samgöngustofa.

*Hér er aðeins átt við tengiltvinnbifreiðar.